

Dalalæðan Afmælisrit

1. tbl. 30. árg. 27. janúar 2017

Frá Jónsmessureið Dalbúa síðastliðið sumar



Ljósmynd: Heiða Mjöll Gunnarsdóttir.

Myndin var tekin norðan við Tröllafoss í Leirvogsa; ofarlega til hægri má sjá örnefnaskiltið sem knaparnir reiddu með sér og ráku í jörð í hvamminum.

Aðalfundur Víghóls

verður haldinn í Reykjadal

fimmtudaginn 23. febrúar og hefst hann kl. 20.

Dagskrá:

- ✓ Ársskýrsla fráfarandi stjórnar.
- ✓ Reikningar liðins starfsárs lagðir fram.
- ✓ Kosning stjórnar og endurskoðanda.
- ✓ Lagabreytingar.
- ✓ Önnur mál.


Fjölmennum! – Stjórn Víghóls.

Þakkir fyrir 30 ár

30. árgangur Dalalæðunnar lítur hér dagsins ljós og er því um afmælisrit að ræða. Mikið vatn hefur runnið til sjávar gegnum Mosfellsdal og víðar frá því fyrsta tölublaðið kom út; það var einungis fjórar síður, hamrað á blað með ritvél í baðstofunni á Hvirlfi og síðan fjölritað. En nú lifum við á tölvuöld og síðustu árgangar Dalalæðunnar eru aðgengilegir á fésbókarsíðunni Íbúar í Mosfellsdal.

Í tímans rás hafa skapast fastar hefðir í blaðinu, þar hafa birst skrif um hagsmunamál Dalbúa og ekki síður efni frá liðnum tímum; afmælisbörn ársins hafa verið nefnd til sögunnar og látinna Dalbúa minnst. Undirritaður hefur ritstýrt blaðinu frá upphafi og hefur sú árvissa vinna veitt mér margar gleðistundir. Útgáfa blaðsins hefur fyrir löngu skipað fastan sess í félagslífi Dalsins og iðulega komið út fyrir árlegt þorrablót Víghóls.

En allt hefur sinn tíma og nú hef ég tekið þá ákvörðun að láta af störfum sem ritstjóri Dalalæðunnar; um leið er það von mín að blaðið komi út áfram í einhverri mynd.



Forsíða fyrsta tölublaðs Dalalæðunnar sem kom út í janúar 1987.
Þóra Sigurþórsdóttir teiknaði myndina.

Ég vil þakka viðtökurnar í árána rás, öllum þeim hafa unnið að útgáfunni, lagt til efni í blaðið svo og stjórnarfólki Víghóls sem ég hef starfað með á þessu tímasteiði.

Lifi Dalalæðan!

Bjarki Bjarnason

Dalalæðan

1. tbl. 30. árg. 27. janúar 2017.

Útgefandi: Íbúasamtökin Víghóll í Mosfellsdal.

Ritstjóri og abyrgðarmaður: Bjarki Bjarnason.

Auglýsingastjóri: Jóhannes Þór Hilmarrsson.

Dalalæðan er prentuð í 200 eintökum.

Umbrot og prentun: Artpro, Mosfellsbæ.

Blaðið er borið út á hvert heimili í Mosfellsdal

og einnig er hægt að nálgast það á fésbókarsíðunni Íbúar í Mosfellsdal.

Afmælisbörn ársins 2017

90 ára

Salome Porkelsdóttir frá Reykjahlið 3. júlí.

85 ára

Svava Ingimundardóttir frá Hrísbú 12. september.

75 ára

Jón B. Aspar Æsustöðum 3. febrúar.

Ragnheiður Bergsdóttir Gíslason Laxnesi 30. júní.

Jón Baldvinsson Furuvöllum 2. október.

Hrefna Indriðadóttir frá Víðigerði 21. október.

Helga L. Hólm Selvangi 16. nóvember.

Erlingur Ólafsson frá Reykjadal 23. desember.

70 ára

Pétur Jökull Hákonarson frá Brávöllum 5. júlí.

Erna B. Kjartansdóttir frá Grund 30. ágúst.

Birgir Sigurðsson frá Reykjadal 10. nóvember.

Ómar Runólfsson Laugabóli 2 23. desember.

60 ára

Guðni Andrésen Fagrahvammi 21. júní.

Inga Elín Kristinsdóttir 22. september.

50 ára

Hákon Guðvarðarson frá Grund 7. janúar.

Þórunn Birgisdóttir frá Mosfelli 12. september.

40 ára

Þóra Margrét Birgisdóttir frá Reykjadal 23. apríl.

Áslaug Hlíf Servo Jensdóttir frá Dalsá 21. október.

Dalalæðan óskar þessu ágæta fólki til hamingju.

AFMÆLISHÁTÍÐ VÍGHÓLS



Á ljúfum sunnudegi í byrjun desember fögnuðu Dalbúar 30 ára afmæli Víghóls í sannri jólagleði. Ákveðið var að slá saman árlegu jólaballi, sem konur í dalnum hafa haldið utan um síðustu ár, og 30 ára afmæli Víghóls. Úr þessu varð mjög vel heppnuð samvera Dalbúa á öllum aldri.

Bjarki Bjarnason stjórnaði léttum spurningaleik um Mosfellsdalinn, boðið var upp á afmælistöku, vöflur og heitt súkkulaði. Töframaður sá um að skemmta ungu kynslóðinni og einhverjir voru heppnir og fengu happdrættisvinning. Að sjálfsgöngu var dansað í kringum jólatréð og sungið hátt þar til jólasveinarnir Bjúgnakrækir og Skyrgámur kíktu við. Stjórn Víghóls þakkar öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn við undirbúning og framkvæmd þessa viðburðar, og eins þeim er gáfu vinninga í happdrættið.

*Fyrir hönd Víghóls;
Svava Björk
Viðigerði*

Víghóll 30 ára!
Jólagleði
Ípróttahúsinu Reykjadal
.....
Sunnudaginn
4.Des kl.14-17
.....
Töframaður
Jólasveinar
Happdrætti
Spurningakeppni
.....
Heitt súkkulaði &
afmælistaka
.....
Sjáumst í Jólaskapi!



Dýralæknirinn Mosfellsbæ

Þverholti 2, Kjarna

Símar: 566-5066 og 6600-633

Um Ólaf frá Norður-Reykjum

– Guðjón Jensson skrifar

Um svipað leyti og Adolf Hitler og hans nótar sölsuðu undir sig völdin í Þýskalandi gáfu tveir Íslendingar út tímarit um misserisskeið og fóru mikinn. Markmið þeirra var að sýna þjóðinni að hinn væri ekki allur þar sem hann væri séður. Bæði tímaritin báru sérkennileg nöfn;



Guðjón Jensson.

annað hét Okrarsvipan og var undir ritstjórn Ara Þórðarsonar frá Borgarnesi (1876-1942) en hann var faðir Unnar sem giftist síðar Guðmundi G. Hagalín rithöfund; húsið Arabía í Borgarnesi var byggt af Ara í byrjun síðustu

aldar. Hitt blaðið nefndist Svindlarasvipan og var ritstjóri þess Ólafur Þorsteinsson (1860-1944) en hann var fæddur á Norður-Reykjum í Mosfellssdal. Við skulum bera niður í 2. tölublaði Svindlarasvipunnar sem út kom í febrúarbyrjun 1933 þar sem Ólafur rekur þætti úr ævi sinni á opinskáan hátt. Hér er um áhugaverða heimild að ræða sem finna má á www.timarit.is, Ólafur segir svo frá:

„Faðir minn, Þorsteinn Bjarnason, bjó á Norður-Reykjum í Mosfellssveit. Efni hans voru ávalt lítil, því strax á fyrstu búskaparárum hans var hann svo heilsuveill, að hann gat ekki aðstaðið erfiðisvinnu, en ómegð var talsverð. Eftir 15 ára búskap á Reykjum var hann svo þrotinn að heilsu, að heimilinu varð að tvístra, og okkur börnunum útvegaðir staðir sitt í hverri áttinni. Voru nú vistirnar okkar upp og niður, en þó líklega ekki verri eða betri

en gerðist í þá daga, enda líka ólíku saman að jafna, uppeldi ungdómsins fyrir 60 til 70 árum og nú, þegar að sleikjubrjóstsykur og mjólk á milli mata er álitin sjálfsgöð aukageta. Ég lenti austur í Grafningi, á efnuðu og vinnuhörðu heimili; var ég oft þreyttur og af mér kominn í hjásetunni fram til fjalls, einkum þegar mýbitið, sem orðlagt er í Grafningnum, gerði skepnurnar friðlausar og óviðráðanlegar, enda líka aldurinn ekki nema 10 ár fyrsta sumarið, og var þá heimkoman stundum kuldaleg hjá mjaltakonunum eða fólkinu yfirleitt, ef mig vantaði af búpeningnum, eða ekki komið á réttum tíma á kvíabólið.

Eftir ferminngu stundaði ég allskonar vinnu til sjós og sveita, og með reglusemi og iðni efnaðist ég svo, að ég rúmlega tvítugur reisti bú á Lækjarbotnum í Mosfells-sveit. Gekk búskapurinn fremur vel hjá mér og jukust efni mín smátt og smátt, eftir því sem árin liðu; hafði ég einnig nokkrar tekjur af greiðasölu. Þegar ég hafði búið í Lækjarbotnum í 9 ár, fluttist ég að Þormóðsdal í sömu sveit; vegnaði mér þar einnig vel, og var Þormóðsdalur betri bújörð; bygði ég á jörðinni íbúðarhús og einnig peningshús.

Grænmetismarkaður Tjaldstæði



MOSSKÓGAR
Sími 663 6173

Á búskaparárum mínum í Lækjarbotnum kom til mín stúlka úr Reykjavík, Guðrún Jónsdóttir að nafni; ílengdist hún hjá mér og tók við búsföráðum. Fórust henni þau myndarlega úr hendi; eignuðumst við Guðrún 4 börn. Dóu þrjú þeirra áður en þau komust á legg, en hið fjórða var vanheilt frá fæðingu, og þurfti mikla umönnun og nærgætni.

Guðrún var 18 ár ráðskona hjá mér og notfærði sér efni mín eins og um sameign okkar á þeim væri að ræða og lét ég það auðvitað óátalið, en taldist þó til, að hún myndi árlega hafa fengið vel útilátið ráðskonukaup, án þess ég tæki þó tillit til framfærsluskyldu barna okkar að hennar hluta.“

Gakktu í bæinn

Fasteignasalan BÆR opnar fyrir þér dyrnar að fasteignamarkaðnum



Guðbergur Guðbergsson,
löggitur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **BÆR**
www.fasteignasalan.is
Kópavogi og Selfossi

Minna-Mosfell GISTIÞJÓNUSTA

Ferðapjónustan
og bókaútgáfan

FRÁ HVIRFLI TIL ILJA

Sími 820-0320

Netfang: bjarnasonbjarki@gmail.com

Bjarki Bjarnason

GET ÚTVEGAÐ & Á TIL



NISSAN LEAF
BÍLA Á GÓÐU VERÐI

© nissan

1010 EHF ROÐAMÓA 9 S: 893 6001



HÁGÆÐA SMUREFNI



Jóhannes:
896 1858
Roðamói 3



www.facebook.com/Fluid-Film-á-Íslandi

Frjáls framlög

Þeir sem vilja styrkja
Víghól og útgáfu
Dalalæðunnar geta greitt
inn á reikning félagsins
315-26-6411.
Kennitala Víghóls
er 641198-2779.

Svipmyndir frá þorrablóti Dalbúa 2016





Jónsmessureið 2016



Þann 25. júní síðastliðinn, þegar landsmenn kusu sér nýjan forseta, héldu Dalbúar í hina árlegu Jónsmessureið og riðu til fjalla. Lagt var af stað frá Hlaðvarpa í góðu veðri og haldið að Tröllafossi í Leirvogsá. Þar var framinn örnefnagjörningur og síðan riðið eftir ægifagurri þjóðleið framhá Þríhnjúkum og Esjubergsflóa inn á Svínaskarðsleið og loks tilbaka heim í Dalinn. Að lokinni vel heppnaðri ferð var kynt undir grillinu í Húsdýragarðinum á Hraðastöðum.

Fararstjóri var Bjarki Bjarnason.
Yr Þórðardóttir tók myndirnar.



Póstlisti Víghóls

Stjórn Víghóls hefur í hyggju að koma upp póstlista sem hægt er að nýta fyrir tilkynningar og fréttir úr starfi félagsins. Dalbúar eru hvattir til að senda netföng sín á

vighols1@gmail.com



Dalsgarður

- við gerum rósir

Blómasala alla daga

kl. 9.00-13.00

Dalsgarði Mosfellsdal

Gísli Jóhannsson rósabóndi / rosefarmer

Dalsgarður, 270 Mosfellsbæ, Ísland

Sími/tel: +354 566 7490

Fax: +354 566 7610

Netfang/e-mail: dalsgardur@isl.is

Bifreiðaverkstæði
Guðvarðar og Kjartans


Sími 566-6257

Sögur úr Mosfellsdal

Árið 2007 gaf Sögufélag Kjalarnesþings út bókina Mosalyng sem hefur að geyma þjóðsögur úr Mosfellsveit. Þar er víða leitað fanga, meðal annars í þjóðsagnasöfnum, ævisögum og munnlegum heimildum; hér koma nokkrar sögur úr bókinni sem tengjast Mosfellsdal.

Hulduhóll

Hulduhóll er hóll skammt vestan við bæinn Hrísrú. Hann stendur ofan á Kirkjuhól, en þar stóð kirkjan áður fyrr. Það heyrðist í Hulduhólnum ef stappað var í hann. Ólafur Ingimundarson (f. 1933) bóndi að Hrísrú segir að slá mætti hólinn. Ekki mátti þó raska við honum á annan hátt, en slá hann. Þar er sagt, að hey myndiekkihrekjast. Virtist það standast nokkuð. Hóllinn var sleginn meðan ennþá var slegið með orfi og ljá, en það var a.m.k. þar til Ólafur var tvítugur. Sagt er að afabróðir Ólafs hafi grafið í hólinn. Var það bara af forvitni gert. Eftir að þeir gerðu það, dreymdi móður þeirra illa. Af þessu hlaut að kýr dó á bænum. Þetta gæti hafa verið um 1880. Af Ólafs hét Andrés Ólafsson og var fæddur árið 1871 og var bóndi á Hrísrú.



Vafurlogi

Bændur í Mosfellsdal höfðu mikla heimahagaást. Dalurinn var þeim kær og kostum búinn. Um fram landgæðin var þar einhvers staðar grafið og geymt gull og silfur Egils Skallagrímssonar, og á þar að vera fornhetjan og skáldið Egill grafinn. Þóttust ýmsir hafa séð vafurloga á Mosfellinu, aðrir niður á Víðinum o.s.frv.

Eyjólfur Guðmundsson:
Lengi man til lítilla stunda.

Laxnes og laxagengd í Köldukvísl

Laxnes heitir bær einn ofarlega í Mosfellsdalnum á norðröðinni Köldukvíslar, gagnvart Hraðstöðum. Þar á að hafa verið laxveiði til forna, eins og bæjarnafnið virðist og benda til. Einu sinni bjó þar kerling ein gömul og forn í skapi, en önnur í Leiruvogstúngu, sem ekki var eptirbátr hinnar í forneskju. Báðar áttu kerlingarnar veiði í Köldukvísl. En svo kom, að þær deildu um veiðina, og heituðust útaf henni. Varð Leiruvogstúngu kerlingin ofaná í heitíngunum og mælti svo um, að aldrei frammar skyldi lax ganga upp í ána upp í dalinn. Hafa þau álög haldizt æ síðan, og því er engin veiði í Mosfellsdalnum. Svona segir sagan. En sú mun vera orsök til þess, að enginn fiskur gengur upp í ána upp í dalinn, að hjá Leiruvogstúngu, skammt fyrir ofan túnið, fellur áin í gljúfrum nokkrum, og er þar foss í henni býsna hár, sem laxinn kemst að en ekki yfir. Undir fossi þessum hafa Leiruvogstúngumenn opt haft talsverða veiði.

Magnús Grímsson,
prestur á Mosfelli.

Æsuleiði

Vestan í túnbrekkunni, neðan við Æsustaðabæ, er aflöng þúfa, er heitir Æsuleiði. ...

Æsuleiði er allgreinilegt og milli þess og brekkunnar er grunn skora eða rás, sem afmarkar það vel frá brekkunni.

Sú trú hefir verið, að það megi ekki slá eða haggja við því, og er því fylgt enn. Einhvern tíma var Æsuleiði slegið. Fórst þá reiðhestur og kýr.



**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**
586 8080



**Hrossaræktunarbúið
ÓLAFSHAGI**
...á horninu

Smalamennska

Kjartan á Hraðastöðum og Ingimundur á Hrísbú voru í annarri rétt að koma, á stríðsárunum, úr Kjósarrétt með eitthvað af kindum. Þegar þeir komu svona dálítið inn fyrir Möðruvelli að þá grípur Kjartan einhverskonar vanlíðan og máttleysi og það var nú venjan alltaf að áa áður farið var skarðið á flöt fyrir neðan Svínaskarðið og stoppa þar. Það var nú stoppað þar og Kjartan var alveg miður sín fyrir máttleysi og ómögulegur og Ingimundur vildi nú snúa við og flytja hann niður að Möðruvöllum, en hann vildi það ekki og hann var svo máttlaus að hann bað Ingimund að hjálpa sér á bak, hann gæti setið á hestinum og dólað á eftir kindunum upp götuslóðann. Svo skeður það að þetta gengur allt upp og þeir komust upp á háskarð, þá mæta þeir flokk af hermönnum. Þeir eru þá að leita að þýskri flugvél sem þeir sögðu að hefði verið skotin niður og hún hefði farist þar einhvers staðar í nágrenninu. En þeir Kjartan og Ingimundur höfðu ekkert orðið varir við hana neitt og vissu ekkert um þetta.

En flugvélin hún var þarna í dalskoru vestur úr Svínaskarðinu þarna skammt frá. Um leið og þeir eru búnir að hitta þessa menn, þá er Kjartan heill bata. Hann setti þetta í samband við það að þeir hefðu sótt svo að sér þessir dáu menn þarna.

Guðmundur Skarphéðinsson
á Minna-Mosfelli, viðtal.

Klukkur hringja sjálfkrafa

Svanborg Grímsdóttir, systir séra Magnúsar Grímssonar, var á Mosfelli þegar menn þeir, er urðu úti á Mosfellsheiði [1857], sex að tölu, voru fluttir þangað heim. Þetta var seint um kvöld og var mikill stormur úti. Hún segist hafa heyrt klukknahljóm, og allt fólkíð, og var sem klukkum væri hringt fyrir bæjardyrum, svo nærri virtist hljómurinn. En klukkurnar voru í sálhliði og enginn hreyfði þær þetta kvöld. Þetta sagði hún mér sjálf 7. ágúst 1896.

Torfhildur Þorsteinsdóttir Hólm:
Þjóðsögur og sagnir.

Póstlisti Víghóls

Stjórn Víghóls hefur í hyggju að koma upp póstlista sem hægt er að nýta fyrir tilkynningar og fréttir úr starfi félagsins. Dalbúar eru hvattir til að senda netföng sín á vighols1@gmail.com

Veidihorn Guðna



Hér koma veiðitölur ársins 2016 fyrir Mosfellsbæ, samkvæmt upplýsingum frá Guðna Bjarnasyni skyttu á Hraðastöðum:

Fimm tófugreni voru unnin; þau voru í Lækjarbotnum, í Seljadal, við Bjarnarvatn, við Langavatn og nálægt Guðnahelli við Leirvogsvatn.

Tíu fullorðnir refir voru veiddir.

24 mosfellskir yrðlingar lutu í gras á nýliðnu ári.

Um 65 minkar voru veiddir, ýmist með gildrum, hundum eða skotvopnum. Flestir minkarnir náðust við Leirvogsa, Seljadalsá og í Mosfellsdal.

Um 100 sílamávar voru skotnir, í Leirvogi, við Úlfarsfell, Lágafell og Grímannsfell.

Rjúpur: Veiðitölur ekki tiltækar en rjúpum hefur fjölgað í landi Mosfellsbæjar, segir Guðni.



Fyrir síðustu jól kom út bókin Víghólar eftir Emil Hjörvar Petersen. Nafnið vísar til örnefnisins Víghóll í sunnanverðum Mosfellsdal sem íbúasamtök Dalbúa draga nafn sitt af. Hér er um sambland af sakamálasögu og fantasíu að ræða og höfundur nýtir sér einnig þjóðleg minni því þar koma meðal annars fyrir persónurnar Æsa og Hallgerður sem eru kunnugleg nöfn í örnefnum Dalsins.

Mosblikk ehf

Öll almenn blikksmíði
sími 894-1236



GÍSLASON
VIÐGERÐIR E.H.F.

Völuteigi 25
587 2060

Annáll ársins 2016

Pingvallavegur

Stjórn Víghóls kom að ýmsum málum á nýliðnu ári og ber þar hæst fundir vegna Pingvallavegar. Komist var að samkomulagi um staðsetningu hringtorga og undirgangna, það næsta sem við fréttum af þessum málum var á fundi sem haldinn var af Mosfellsbæ sl. haust en þá hafði verið breytt staðsetningu hringtorgs sem átti upphaflega að vera á milli Reykjahlíðarveggar og Æsustaðavegar. Hafði það verið fært að Æsustaðavegi vegna andstöðu Kirkjuráðs (ekki sóknarnefndar kirkjunnar). Við komum strax fram með mótmæli vegna þessa en ákveðið var að auglýsa þessa tillögu og höfum við sent inn athugasemdir vegna þessa til bæjarfélagsins. Meirihluti Dalbúa vill hafa hringtorgið eins og samþykkt var á aðalfundinum 2016.

Netsamband

Unnið var áfram að bættu netsambandi í Dalnum og var lokið við að leggja ljósleiðara að tengiboxum og er hægt að fá ljósnet í húsin í dag. Takk Míla fyrir að standa við að klára þetta á árinu 2016.

Hlaðgerðarkot

Á árinu kom upp umræða um rekstur og umgengni íbúa á Hlaðgerðarkoti vegna sprautunála og útivistarmála. Höfðu Dabúar áhyggjur af stækkun Hlaðgerðarkots, fundað var með íbúum í nágrenninu og varð úr samkomulag um hvernig þessum málum verður háttað í framtíðinni.

Afmælishátíð

Í tilefni að 30 ára afmæli Víghóls var haldin vegleg afmælishátíð og jólaball í Reykjadal sem tókst með miklum ágætum.

**Við þökkum fyrir samstarfið á árinu
og hlökkum til að hitta ykkur á aðalfundinum.**

Fyrir hönd stjórnar Víghóls.

Guðbergur Guðbergsson, formaður.

REYKJABÚIÐ

Reykjum • 270 Mosfellsbæ

Sími 566-6800